# Eyðublað

Umsókn um starfsleyfi sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða
samkvæmt 10. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða

1. Grunnupplýsingar:

   Nafn félags:

   Nafn tengiliðs:

   Sími:

   Netfang

2. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri félagsins skulu skila upplýsingum í gegnum þjónustugátt Seðlabankans.[1]

3. Upplýsingar um aðra stjórnendur rekstraraðila skulu berast með umsókn[2]:

   Nafn:

   Kennitala:

   Ferilskrá:

   Mat umsækjanda á hvernig þekking og reynsla viðkomandi nýtist í starfi:

   Upplýsingar um atriði sem kunna að hafa áhrif á orðspor viðkomandi:

4. Virkir eigendur félagsins skulu skila inn sérstakri tilkynningu um heimild til að fara með virkan eignarhlut.

5. Eftirfarandi gögn þurfa að berast með umsókn um starfsleyfi.

   - ☐ Vottorð úr fyrirtækjaskrá.
   - ☐ Samþykktir félagsins.
   - ☐ Viðskiptaáætlun næstu þriggja ára.
   - ☐ Rekstraráætlun næstu þriggja ára.
   - ☐ Endurskoðaður ársreikningur síðasta árs. Ef félag hefur ekki verið í rekstri áður skal skila inn endurskoðuðum stofnefnahagsreikningi.
   - ☐ Skipurit.
   - ☐ Útvistunarstefna.
   - ☐ Ítarleg greinargerð um fyrirkomulag útvistunar og keðjuútvistunar.
   - ☐ Starfskjarastefna.

1. Opnað verður fyrir aðgang félagsins að þjónustugátt þegar starfsleyfisumsókn berst.
2. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands telur að yfirmaður eignastýringar sjóða, yfirmaður áhættustýringar sjóða, yfirmaður regluvörslu og innri endurskoðandi teljist til starfsmanna sem bera ábyrgð á lykilsstarfssviðum að lágmarki, auk annarra aðila sem rekstraraðili skilgreinir.

- ☐ Upplýsingar um kaupaukakerfi, sbr. reglur nr. 388/2016 um kaupaukakerfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.
- ☐ Upplýsingar um húsnæðisfyrirkomulag.
- ☐ Upplýsingar um endurskoðanda félagsins ef hann hefur þegar við tilnefndur.
- ☐ Ítarleg greinargerð um hvernig félagið hyggst uppfylla 19. gr. laga nr. 45/2020, með greinargerðinni skal fylgja yfirlit yfir þær stefnur og verklagsreglur sem félagið hefur sett sér til að uppfylla 19. gr.

6. Viðbótarstarfsheimildir sem sótt er um[3]:
   - ☐ Eignastýring.
   - ☐ Fjárfestingarráðgjöf.
   - ☐ Varsla og umsýsla hlutdeildarskírteina eða hluta sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
   - ☐ Móttaka og miðlun fyrirmæla varðandi fjármálagerninga.

7. Umsókn skal fylgja greinargerð um hvern sérhæfðan sjóð, að undanskildum fjárfestingarsjóðum,[4] þar sem eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram:
   a. Fjárfestingaraðferð sjóðs.
      - Tegundir undirliggjandi sjóða ef sjóðurinn er sjóðasjóður.
      - Stefnu rekstraraðila að því er varðar vogun, áhættusnið og önnur einkenni þeirra sérhæfðu sjóða sem hann rekur eða hyggst reka, þ.m.t. um ríki innan eða utan EES þar sem sjóðir hafa eða munu hafa staðfestu.
      - Tilboðsskjöl eða viðeigandi útdráttur úr tilboðsskjölum eða almenn lýsing á fjár- festingaráætlun sjóðsins sem skal að lágmarki innihalda eftirfarandi upplýsingar:
        - Helstu eignaflokka sem sjóðurinn getur fjárfest í.
        - Allar atvinnugreinar, landfræðilega markaði eða aðra markaði eða tiltekna eignaflokka sem áhersla er lögð á í fjárfestingaráætluninni.
        - Lýsingu á lántöku – eða vogunarstefnu sjóðsins.

   b. Hvar höfuðsjóður hefur staðfestu ef sérhæfður sjóður er fylgisjóður.

   c. Fyrirkomulag tilnefningar vörsluaðila sjóðs.

   d. Aðrar upplýsingar samkvæmt 1. mgr. 46. gr. laga nr. 45/2020 sem ekki hafa áður komið fram í umsókninni.

8. Rekstraraðilar sérhæfðra sjóða falla undir lög nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sbr. a-lið 1. mgr. 2. gr. þeirra laga. Með hliðsjón af framangreindu skulu umsókn fylgja eftirfarandi upplýsingar sem snúa að fylgni við lög nr. 140/2018:

   a. Skriflegt áhættumat (ásamt aðferðafræði) sem inniheldur greiningu og mat á hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka samkvæmt lögum nr. 140/2018 og fjármögnun gereyðingarvopna samkvæmt lögum um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna, sbr. 5. gr. A laga nr. 140/2018.

   b. Aðferðafræði við áhættumat á samningssamböndum og einstökum viðskiptum, 5. gr. B laga nr. 140/2018.

   c. Skjalfest stefna um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka auk áhættu er tengist fjármögnun gereyðingarvopna, sbr. ákvæði laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna, sbr. 5. gr. a laga nr. 140/2018.

   d. Upplýsingar um stýringar til að draga úr og stýra áhættu sem stafar af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka auk áhættu er tengist fjármögnun gereyðingarvopna sbr. ákvæði laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingun-

3. Ef sótt er um viðbótarstarfsheimildir þarf jafnframt að fylgja með upplýsingar um hvernig félagið tryggir fullnægjandi aðskilnað starfssviða auk upplýsinga samkvæmt 3. tölulið þessa gátlista um stjórnendur viðkomandi eininga.
4. Umsóknir um staðfestingu fjárfestingarsjóðs skal senda sérstaklega eftir að starfsleyfi hefur verið veitt

araðgerða og frystingu fjármuna (s.s. upplýsingatæknikerfi, hvers konar takmarkanir, reglur eða annað sem stýrir áhættu), sbr. 5. gr. a laga nr. 140/2018

e. Verkferlar til að draga úr og stýra áhættu sem stafar af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka auk áhættu er tengist fjármögnun gereyðingarvopna, sbr. ákvæði laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna, sbr. 5. gr. a laga nr. 140/2018. Að lágmarki skulu vera verkferlar um eftirfarandi:

- Áreiðanleikakönnun, sbr. III. kafli laganna.
- Reglubundið eftirlit, sbr. 4. mgr. 10. gr. laganna.
- Eftirlit með því hvort einstaklingar eru í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla, við upphaf viðskipta og reglubundið, sbr. 17. gr. laganna.
- Rannsókn á grunsamlegum viðskiptum, sbr. 3. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 21. gr. laganna, þar sem m.a. koma fram:
  - Leiðbeiningar um hvað telst grunsamlegt og hvaða rauðu flögg og váþætti ber að þekkja í starfseminni.
  - Hvernig framkvæma á rannsókn.
  - Hvernig greina á flóknar og óvenjulegar færslur, þ.á m óvenjulega háar færslur og viðskiptamynstur.
  - Kröfur til skriflegrar skýrslu.
  - Hvernig og hvert á að tilkynna grunsamleg viðskipti.
- Tilkynningar til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu.
- Könnun á hæfi starfsmanna þar sem eftirfarandi kemur m.a. fram:
  - Hvaða athuganir skuli gerðar á ferli umsækjenda.
  - Í hvaða tilvikum skuli krafist sakarvottorðs eða annarra sambærilegra skilríkja um feril og fyrri störf.
  - Hvernig standa skuli að athugun áður en ráðning er gerð og með reglubundnum hætti, m.a. hvort ástæða sé til að fletta viðkomandi upp í opinberum skrám eða gagnagrunnum.

f. Upplýsingar um hvernig staðið skuli að því að framkvæma úttekt á og prófa innri stefnu, eftirlit og málsmeðferð, sbr. b-liður 5. gr. a laga nr. 140/2018.

g. Verklagsreglur þar sem kveðið er á um aðgang starfsmanna og aðgangstakmarkanir þeirra að gögnum og upplýsingum sem varðveitt eru á grundvelli laganna, sbr. 3. mgr. 28. gr. laga nr. 140/2018.

h. Spurningalisti sem lagður er fyrir viðskiptamenn vegna áreiðanleikakönnunar, sbr. III. kafli laga nr. 140/2018.

i. Upplýsingar um hvernig fyrirhugað er að standa að þjálfun starfsmanna, m.a. fræðsluáætlun, sbr. 33. gr. laga nr. 140/2018

j. Upplýsingar um nafn sérstaks ábyrgðarmanns sem tilnefndur hefur verið úr hópi stjórnenda ásamt netfangi viðkomandi, sbr. 34. gr. laga nr. 140/2018.

k. Verkferill tengdur eftirliti með því hvort viðskiptamenn og raunverulegir eigendur eru á þvingunarlistum, sbr. 10. og 13. gr. laga nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna:

- hvaða kerfi er fyrirhugað að nota,
- hvernig skimun við upphaf viðskipta og reglulega á samningstímanum verður háttað,
- hvernig bregðast eigi við ef sannjákvæðar niðurstöður koma upp og,
- hvernig standa skuli að frystingu fjármuna.

Staður og dagsetning

Undirskrift